

EFTIRLITSSKÝRSLA

GMR Endurvinnslan ehf Hvalfjörður



Dags eftirlits	9.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	GMR Endurvinnslan ehf	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Tangavegi 7	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5406101930	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Marteinn Músson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundið eftirlit ársins hjá GMR endurvinnslunni ehf. en enginn rekstur hefur verið hjá fyrirtækinu frá því í janúar sl. eða síðan fyrirtækið var tekið til gjaldprotaskipta. Eitt frávik er skráð frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Engin rekstur hefur nú verið í endurvinnslunni frá því í janúar en einungis er kveikt á lágmarks kælikerfum til að ofn og tæki fyrirtækisins eyðileggist ekki. Þann 19.janúar sendi Umhverfisstofnun rekstraraðila áform um afturköllun starfsleyfis vegna frávíka frá starfsleyfi. Umhverfisstofnun fékk beiðni frá skiptastjóra GMR endurvinnslunnar um að fresta afturköllun starfsleyfis á grunni þess að engin starfsemi færi þar fram og að nýr rekstraraðili myndi ganga í úrbætur á útstandandi frávikum ef rekstur ætti að fara fram að nýju. Stofnunin samþykkti frestun á afturköllun starfsleyfis þann 28.mars sl.

Í eftirliti þann 12. júlí sl. komu fram tvö frávik frá starfsleyfi, annars vegar vegna skila á gögnum og hins vegar vegna leka frá gámum og geymslu á olútunnum og kari með rafgeymum á lóðinni. Búið er að skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi en enn vantar upplýsingar í græna bókhaldið sem rekstraraðili vinnur nú að því að útvega. Gámum með síuryki sem geymdir voru á lóðinni voru færðir inn í verksmiðjuna að undantöldum stærsta gámnum en smíðað var vatnshelt þak á hann til þéttingar til að verja frá leka.

Búið var að taka til á lóð fyrirtækisins og mikið af efni farið, þ.m.t.allt hráefni inn í verksmiðju fyrirtækisins. Gamlar gröfur, slagg, rafskaut og fl. er enn geymt á lóðinni. Rekstraraðili benti á að bak við verksmiðjuhúsið hafi hafi hugsanlega verið urðaðir ónýtir sekkir, með eða án síuryks í kantinum. Eftirlitsaðilar skoðuðu svæðið og sáu þar a.m.k. einn poka undir mold en óvist er um magn síuryks.

Frávik frá

grein 2.13 - Annar úrgangur

Lýsing á frávik

Rekstraraðili benti á að síuryk virðist hafa verið urðað við hlið fyrirtækisins fyrir nokkrum árum en ekki er vitað nákvæmlega um magn þess eða hversu margir pokar voru urðaðir. Varanleg geymsla eða urðun á verksmiðjussvæðinu er óheimil. Stofnunin óskar eftir frekari upplýsingum um magn þess síuryks sem hefur verið urðað.

Reykjavík, 04.12.2017


Einar Halldórsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.